

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til landsbókasafnins um bókagjöf. — Með þessu brjefi var skýrt frá því, að enn ein sending af ýmsum góðum bókum helzt lögfræðislegs efnis hefði komið frá F. A. Krieger hæstarjettardómara sem gjöf handa landsbókasafninu. 135
14. júl.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um uppboð, er hlaupa meira en 200 kr. — Í brjefi frá 30. maí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn fyrirspurn sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, og látið í ljósi það álit, að með því að það sje beinlínis fyrirskipað í 6. grein laga 12. jan. þ. á. um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk (A 3), að sýslumaður skuli sjálfur halda þau uppboð, sem ætla meg, að hlaupi meira en 200 kr., geti það eigi komið til tals, að landssjóðurinn missi nokkurs í af sólulaununum á slíkum uppboðum, og að sýslumaður verði að fá hreppstjóra eða annan mann til á sinn kostnað og sína ábyrgð að halda slík uppboð, ef hann einhverra orsaka vegna skyldi ekki sjálfur geta haldið þau. 136
20. júl.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg er yður samdóma um það, sem þjer þannig hafið tekið fram.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um reglugjörð fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg. — Með brjefi frá 11. þ. m. hafa stiptsyfirvöldin sent mjer skjal dags. 1. f. m., þar er síra Þórarinn prófastur Böðvarsson í Gørðum og húsfreyja hans frú Þórunn Jónsdóttir gjöra nýja skipun um gjöf þá, er þau með gjafa-brjefi 10. ágúst 1877 hafa gefið til stofnunar skóla í Flensborg í Hafnarfirði, og beiðast þess, að landshöfðingi semji nýja skipulagsskrá fyrir skólanum, og staðfesti nýja reglugjörð fyrir hann; en eptir áminnstu skjali á skólinn einkanlega að vera alþýðuskóli og gagnfræðaskóli, þó svo, að börn úr Garðahreppi geti og átt þar kost á kennslu, svo fremi sem hreppur þessi leggur til þess hæfilegan styrk árlega. — Í stofnunarskrá þeirri, sem stiptsyfirvöldin samkvæmt gjafabrjefinu 10. ágúst 1877 sömdu 18. febrúar 1878 og prentuð er í B-deild stjórnartíðindanna 1878 bls. 28—29 er í 2. gr. svo að kveðið, að skólinn skuli einkanlega vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall, og því næst, eptir því sem efni og ástæður leyfi, almennur menntunarskóli, er gefi mönnum kost á, að afa sjer þeirrar þekkingar, sem álitast má nauðsynleg hverjum alþýðumanni, er á að geta kallast vel að sjer; og með því að nú má segja, að þessi skilyrði eigi sjer stað, bæði af því, að skólinn eptir virðingargjörð 5. okt. f. á. á 13400 kr. höfuðstól, og af því að með fjárlögunum fyrir árið 1882 og 1883 og þingsályktun fyrri ár er þessum og áþekktum alþýðuskólum hjér á landi gefin von um styrk af landssjóði, — þá veitist með þessu brjefi samþykki til þeirra breytinga á nefndri stofnunarskrá frá 18. febr. 1878, sem ákveðnar eru í skipulagsskjali gefendanna 1. júní þ. á.; — Auk þessa hefi jeg að ósk gefandanna og með tilliti til grundvallarreglna þeirra, er samþykta voru með áðurnefndri þingsályktun, fyrir skipulagi alþýðuskóla þeirra, er styrks megi vænta af landssjóði, samþykkt þessa.

Reglugjörð

fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg.

1. gr.

Ætlunarverk skólans er, að veita lærisveinum þeim, er í hann ganga, almenna menntun, glæða sálargáfurnar, auka þekkinguna, og styrkja siðferðislega hæfilegleika

31. dag júlím. 1882.

137 þeirra, að þeir verði hæfir til að standa vel í stöðu sinni sem alþýðumenn og jafn-
21. júlí. framt gjöra þá föra um, að taka að sjer barnakennslu.

2. gr.

Skólinn stendur undir yfirstjórn landshöfðingja.

Sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu kys 3. manna nefnd, er hefir á hendi fjárgæzlu skólans og eptirlit með skólanum og skólahúsinu og skipar kennara skólans með samþykki landshöfðingja; skyld er nefndin að semja árlega reikning skólans og senda hann landshöfðingja.

3. gr.

Hver sá, er vill fá inntöku í skólann, verður að sýna vottorð um:

- a. Að siðferði hans sje óspilt,
- b. að hann sje eigi yngri en 14 ára, og eigi eldri en 20 ára; að öðrum kosti sje sótt um aldursleyfi, er forstöðunefnd skólans veitir,
- c. að hann hafi numið það, sem heimtað er til fermingar, svo sem bóklestur og skript, og í reikningi: samlagning, frádrátt, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum.

4. gr.

Námsgreinar þær, er kenna skal í skólanum, eru þessar:

Íslenzka, danska, enska, saga og landafræði (einkum saga og landafræði Íslands) talfræði, rúmfræði, dráttlist. Enn fremur: undirstöðuatriðin í dýrafræði, grasfræði, eðlisfræði og efufræði, söngur og leikfimi.

5. gr.

Skólanum er fyrst um sinn skipt í tvo bekk; semur skólastjóri lestöflu fyrir báða bekkina, er forstöðunefnd skólans samþykkir.

6. gr.

Skólaárið byrjar 1. dag októbermánaðar, og endar 31. dag marzmánaðar.

7. gr.

Próf skal halda þannig:

1. Miðsvetrarpróf, síðari hluta desembermánaðar, og sje því lokið fyrir júl.
2. Árspróf síðari hluta marzmánaðar, og sje því lokið fyrir 31. marzmánaðar.

Einn skal vera prófdómari utanskóla í námsgrein hverri við árspróf, og skal hann tilnefndur af forstöðunefnd skólans.

8. gr.

Gefa skal lærisveinum daglega einkunnir í hverri námsgrein, og skal rita þær í dagbækur er lærisveinar eigi sjálfir, og skal þar að auki rita hinar daglegu einkunnir í einkunnabók skólans. Enn fremur skal rita í sjerstaka bók einkunnir þær, er lærisveinar fá í hverri einstakri fræðigrein við miðsvetrarpróf og árspróf.

9. gr.

Lögboðin leyfi eru frá 24. des. til 2. jan. að báðum dögum meðtöldum; sömuleiðis frá miðvikudegi fyrir páska til 3. í páskum að báðum dögum meðtöldum. Auk þess er skólastjóra heimilt að gefa leyfi hálfan dag í mánuði hverjum.

10. gr.

Gefa skal hverjum lærisveini, sem þess óskar, skriflegt vottorð, þegar hann fer frá skólanum, og skal í vottorðinu greina hegðun hans og framfarir í skólanum, ásamt þeim einkunnum, sem hann hefir fengið í hverri einstakri námsgrein við síðasta árspróf.

11. gr.

Skólastjóri skal senda yfirstjórn skólans skýrslu um skólann á ári hverju svo, sem verða má, eptir að ársprófi er lokið, 137 21. júlí.

Reglugjörð þessi kveður að eins á um skólann sem alþýðuskóla og gagnfræðaskóla; en hitt verður á valdi skólanefndar þeirrar, er sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu samkvæmt 2. gr. reglugjörðarinnar á að skipa, að kveða á um skilyrðin fyrir því, hversu barnakennslunni fyrir Garðahrepp verði komið fyrir í skólahúsinu, og á hvern hátt hún að öðru leyti verði sett í samband við alþýðuskólann.

Jafnframt því að jeg tjái þetta stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þau birti þeim það, er hlut eiga að máli, sendi jeg þeim og ofanefnt gjafa-brjef frá 10. ágúst 1877, og er við það tengt skipulagsskjalið frá 1. júní þ. á., og skora jeg á stiptsyfirvöldin að annast um, að þetta verði þinglesið og síðan endursent mjer.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um framtal og búnaðar-skýrslur. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 4. marz þ. á. viðvikjandi framtals- og búnaðar-skýrslunum vil jeg tjá yður það, er nú segir: 138 22. júlí.

1. Að vísu er samkvæmt 1. grein laga frá 12. júlí 1878 (B 6.) um lausafjártíund, að eins sá maður, sem á 60 álnir í tíundbæru lausafje, skyldur að greiða tíund af tje sínu, en þar með er ekki sagt, að sleppa beri úr lausafjártíundinni sjerhverri þeirri upphæð, sem ekki nær 60 álnum, því maður getur átt og «tíundað» 60 álnir, þó hann greiði tíund af minni upphæð, sbr. niðurlagsákvörðun 2 gr. nefndra laga og síðasta dæmið á fyrirmynd I. við hreppstjórareglugjörðina. Þar að auki ber að gæta þess, að framtalsskýrslan samkvæmt þessarifyrirmynd hefir að nokkru leyti komið í stað hinna fyrverandi búnaðarskýrslna. A þeim verður sýslumaður að byggja yfirlit sitt yfir tölu hinna ýmsu tegunda af tíundbæru kvikfje í hreppnum og þó sá, er á minna tíundbært lausafje en 60 álnir, sje ekki skyldur að tíunda það, verður hann skyldur að telja það fram eins og annað ótíundbært tje samkvæmt ákvörðunum þeim, er gilda um skýrslur um búnaðarástand. Að sleppa broti af hundraði úr lausafjártíund, þegar hlutaðeigandi tíundar meira en 60 álnir hefir enga heimild í lögum 12. júlí 1878, og taka þau í upphafi 5. greinar fram berum orðum, að hver maður skuli telja fram lausafje sitt til tíundar, eins og það er til.

2. Það er ekki nauðsynlegt að heimta sjerstaka skýrslu frá hreppstjórunum um ábúðarhundruð hvers ábúanda. Upphæð ábúðarskattsins er gefin með tölu jarðahundraða, og það virðist ekki nauðsynlegt fyrir endurskoðanda að rannsaka, hve mikla upphæð hverjum einstökum búanda beri að rjettu lagi að greiða, en búnaðarskýrslurnar veita, eins og þjer sjálfir takið fram, sýslumanni nægilegar skýringar í þessu tilliti.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um bygging prestseturs. — Með þóknanlegu brjefi frá 26. maí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn þá fyrirspurn umboðsmanns Þingeyraklausturs, hvort ekki beri að gefa út byggingarbrjef fyrir jörðunni Steinnesi handa hinum nýja presti að Þingeyrarklaustri síra Þorvaldi Ásgeirssyni, og getið þjer þess um leið, að þjer fáið eigi betur sjeð, en að hinn nýji prestur sje skyldur til að vinna jarðabót á tjeðri jörð, og það því fremur, sem landsskuldin af jörðinni eptir hinum nýja leigumála sje færð niður í 240 álnir úr 300 álnum. 139 22. júlí.